

KIRKJUGARÐARÁÐ

41. fundur haldinn 8. maí 2006 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestir fundarins: Sr. Axel Árnason og fulltrúar sóknarnefndar: Páll Árnason og Haukur Haraldsson, sem kynntu málefni Stóra-Núpssóknar.

1. Setning fundar

Fundur var settur kl. 14:05.

2. Kirkjugarður Stóra-Núpssóknar - kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum

Sr. Axel Árnason hóf kynningu og nefndi að nauðsynlegt væri að stækka garðinn þar sem aðeins 7 grafir eru eftir í þeim hluta garðsins sem var bætt við 1981, en þá var síðasta stækkun garðsins gerð. Núna eru laus 99 grafarstæði í gamla garðinum sem var stækkaður á árunum 1925, 1943, og 1953, en aðkallandi er nú að tryggja 130 grafarstæði fyrir næstu áratuginna.

Páll nefndi að vinna hefði hafist við stækkunina árið 2002. Auk stækkunarinnar hefur verið unnið að endurbótum á aðkomu að kirkju og garði, þ.e.a.s. vegagerð og gerð bílastæða. Mikill hluti kostnaðar við framkvæmdirnar er til kominn vegna þessa.

Sveitarfélagið veitir 9 millj. kr. til verksins, Vegargerðin styrkir um 1. millj. kr.. Kirkjan og garðurinn eiga tæpar 7 millj. kr. Fyrirhugað er að nýta um 4 millj. kr. til verkefnisins. Kirkjugarðurinn veitir um 1 millj. kr. og kirkjan um 3 millj. kr. Stefnt er að því að verkið verði unnið á tveimur til þremur árum. Fulltrúar Stóra-Núpssóknar óska aðstoðar Guðmundar Rafns og Reynis Vilhjálmssonar við að endurskoða kostnaðarskiptinguna og að semja rökstuðning með henni. Guðmundur Rafn nefndi að þetta væri verkefni sem gæti komið til greina sem sögustaðaverkefni.

Kirkjugarðaráðsmenn kváðu verkefnið vel unnið, metnaðarfullt og glæsilegt. Formaður vakti athygli á nauðsyn þess að skilja á milli fjármögnunar kirkju og kirkjugarðs og að það þyrfti að rökstyðja þá skiptingu vel.

Formaður þakkaði fyrir og kvað nefndina mundu fjalla um málið þegar þar að kemur.

- 3. Kynning á stöðunni vegna tölvuteikninga og tölvuskráningar kirkjugarða**
Guðmundur Rafn gerði grein fyrir stöðu verkefnisins. Hann tók saman allt sem unnið hefur verið. Legstaðaskrárnar eru nú um 150 og lokið er við teikningar af 59 görðum.

Guðmundur og Sigurgeir hafa teiknað upp 90 garða og er hluti þeirra enn í vinnslu. Guðmundur Rafn telur að ljúka eigi við þá garða sem nú eru í vinnslu og koma þeim inn á netið áður en hafin verður vinna við nýja garða. Smári telur að leggja verði áherslu á að skrá heimildir inn áður en lokið verður við að teikna kirkjugarðana.

Rætt var um að hækka kirkjugarðagjöldin úr 8 ½ upp í 9% og fjármagnið (0,5%) yrði nýtt til að teikna garðana upp. Skuldajöfnunarleiðin var ekki talin eins farsæl.

Guðmundi og Sigurgeiri var falið fyrir næsta fund að áætla þann tíma sem tekur að ljúka verkinu og kostnað við það.

- 4. Bréf og svar vegna staðsetningar minnismarkis á leiði í Gufuneskirkjugarði**
Lagt fram bréf frá Hrönn Magnúsdóttur varðandi ranga staðsetningu krossa við leiði.

Framkvæmdastjóra var falið að skrifa Hrönn bréf þar sem fram kæmi að málið hefði verið tekið fyrir á fundi ráðsins þar sem forstjóri KGRP hefði gert grein fyrir hvernig málið stæði og að henni væri heimilt að færa minningarmörkin til.

- 5. Munnlegt erindi vegna grafhýsis í Raufarhafnarkirkjugarði**
Guðmundur Rafn kynnti málefnið. Hann nefndi að í kirkjugarðinum væri mikill berangur og að þar í miðjum garði væri steipt steinhús (grafhýsi) með torfpaki. Grafhýsið þarfnáðist lagfæringar og vildu ættingjar þeirra sem þar eru klæða grafhýsið með stáli.

Kirkjugarðaráð mælist til að viðgerðir á grafhýsi verði í takt við upphaflega mynd þess. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu á þann veg.

- 6. Önnur mál**
Þórsteinn afhenti nefndarmönnum Bautastein, afmælisútgáfu vegna 10 ára afmælis KGSÍ. Hann gerði grein fyrir að ákveðið hefði verið á fundi Kirkjugarðasambandsins þá um morguninn að slíta Im memorian og láta það renna inn í KGSÍ. Hann nefndi að rætt hefði verið um það á fundinum að marka Kirkjugarðasambandinu fastar tekjur með hliðsjón af þeim verkum sem Kirkjugarðaráð felur því þannig að ekki yrðu sendar inn umsóknir á hverju ári.

Kristín gerði grein fyrir að skýrsla um Hólavallaverkefnið væri nú í yfirlestri hjá íslenskufraeðingi.

Kristín gerði grein fyrir að Fornleifavernd ríkisins hefði fengið 1 millj. kr. styrk frá Borgarfjarðarprófastsdæmi til að skrá minningarmörk í prófastsdæminu. Það verk mundi hefjast nú í sumar þegar lokið verður við Kjalarnesprófastsdæmi.

Næsti fundur: Ákveðið var að næsti fundur verði 12. júní kl. 11:00. Fundurinn verður í húsnæði KGRP í Fossvogi. Auk formlegs fundar verður farin kynningarferð í Sólland og Gufuneskirkjugarð. Í júlí verður sumarfrí og þ.a.l. enginn fundur. Í ágúst er stefnt að því að fara í kynnisferð. Ákveðið verður á næsta fundi hvert farið verður.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 16:30.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari